



Gjafakort Þjóðleikhússins

Tilhlökkun, upplifun og ógleymanlegar minningar!



BLAÐINU ER DREIFT FRÍTT

HVERFISBLAÐIÐ

Miðborg & Hlíðar

10. TBL ★ 12. ÁRG.

DESEMBER 2024



Gledileg jól

Jólatuftinn á ferðinni

Jólatuftinn er áferðinni um Miðborg Reykjavíkur í aðdraganda jólnanna



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



HÚS
DÝRA
GARÐUR
INN

PARK & ZOO



BJÖRNSHAKARI

Sími: 561-1433
Hringbraut og Austurströnd

Bættu smá
heppni í
jólapakkann!

Jólaprennurnar
eru komnar í sölu



Happaprennan

Skannaðu
QR kóðann



Verið ávallt velkomin

Gott vöruúrval,
betra aðgengi

ÍslandsApótek
býður persónulega
þjónustu og
hagstæð verð
á lyfjum og öðrum
heilsutengdum vörum

OPNUNAR-
TÍMAR:

Virka dag
10:00 – 18:00

Laugardaga
10:00 – 16:00

Sunnudaga
Lokað



Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá ÍslandsApóteki



ÍSLANDS
LAUGAVEGI 53b



APÓTEK
S: 414 4646

Miðborg & Hlíðar
 Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg
 Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík
 Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)
 símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is
 Texti: Benóný Ágísson netfang: benaegis@simnet.is
 Texti: Þórður Ingimarsson • thoringimars@gmail.com
 Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com
 Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing

Í góðum málum hjá


**Vantar málara ?
 Ekkert mál.**
**Við komum og bjóðum í verkið
 þér að kostnaðarlausu.**

Jón. Sími: 6631343
 Bjarki. Sími: 7758599
 Málameistari

jbmalun.is jbmálun@gmail.com @jbmálun



Jólasveinar, týndur köttur og jólatré í Þjóðminjasafni

Jólasveinarnir þjóðlegu koma nú vel klæddir í Þjóðminjasafnið á slaginu 11 frá og með 12. desember. Jólasveinarnir skemmta börnum í Myndasalnum og allir eru hjartanlega velkomnir. Skólahópar eru þó beðnir að boða komu sína.

12. desember kl. 11: Stekkjarstaur
 13. desember kl. 11: Giljagaur
 14. desember kl. 11: Stúfur
 15. desember kl. 11: Þvörusleikir
 16. desember kl. 11: Pottaskefill
 17. desember kl. 11: Askasleikir
 18. desember kl. 11: Hurðaskellir
 19. desember kl. 11: Skyrgámur

20. desember kl. 11: Bjúgnakrækir
 21. desember kl. 11: Gluggagægir
 22. desember kl. 11: Gáttaþefu
 23. desember kl. 11: Ketkrókur
 24. desember kl. 11: Kertasníkir

Hvar er jólakötturinn?

Jólakötturinn hefur falið sig á tíu stöðum á Þjóðminjasafninu ... innan um hina ýmsu vætti, suma góða en aðra ferlega! Skyldi hann ætla að bjóða þeim til veislu? Ratleikinn má nálgast í móttöku safnsins og hann liggur frammi til 6. janúar og er

skemmtilegur kostur fyrir fjölskyldur og hópa.

Jólatré í gegnum tíðina

Á aðventu og fram á þrettándann má sjá sýningu á jólatrjám af þeirri gerð sem mörg muna eflaust eftir af æskuheimilum sínum eða úr stofum ömmu og afa eða langömmu og langafa. Jólatrén eru frá því snemma á 20. öld og fram undir 1970. Trén eru úr safneign Þjóðminjasafnsins og eru til sýnis á annarri hæð safnsins.

PALLI VAR EINN Í HEIMINUM



SÝNINGAR Í HÖRPU

GANGIÐ EKKI Á GRASNU!



FARMASÍA
APÓTEK
SUÐURVERI

LÆGRA LYFJAVERÐ
511 0200

VERIÐ VELKOMIN
EINKAREKIÐ APÓTEK Í ALFARALEIÐ
OPIÐ FRÁ ÁTTA TIL ÁTTA

Laugardaga frá 10:00-18:00
 Sunnudaga frá 13:00-18:00

Jólakveðja frá Klúbbsnum Geysi



Styrktarfélag Klúbbsins Geysis er vinnustaður fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Klúbbsurinn hefur starfað í 25 ár og unnið mikið og metnaðarfullt starf í þágu geðsjúkra á Íslandi.

Um jól er ávallt mikið um dýrðir og reynt að efla kærleiksboðskap jólanna með ýmsu móti. Að vanda eru einnig haldnar veislur og boð til þess að brjóta upp daginn í skammdeginu og að sjálfsögðu er húsið skreytt hátt og lágt með ljósum og skrauti.

Árleg jólaveisla klúbbsins var haldin 5. desember síðastliðinn. Þá var boðið upp á hamborgarhrygg sem hefur verið styrkur frá Ali til klúbbsins síðastliðin 20 ár. Síðan verða litlu jólin laugardaginn 14. desember. Þá er boðið

upp á hangikjöt og uppstúf en þá höfum við einnig fengið gest til þess að flytja hugvekj. Allir fá svo einn jólapakka í lokin. Skótuveislan er svo á Þorláksmessu til þess að viðhalda þjóðlegum ilmtöfrum kræsingarinnar.

Ef við megum nota tækifærið til að þakka fyrir stuðninginn um jólin, auk Ali þá er það Innes og Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Fiskbúðin Þjóðbjörg í Mjóddinni. Um leið og við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári viljum við minna á að hægt er að styrkja klúbbsinn með því að leggja inn á reikning klúbbsins: 0101-26-010009, kennitala 5010972259.

Jóla- og nýárskeðjur,
Félagar og starfsfólk Klúbbsins Geysis



Við eigum frábært úrval af flottum yfirhöfnum í stærðum 38-58

belladonna

Dalvegi 30 • sími 517 6460 • www.belladonna.is

JÓLABÖRGARI

2.825 KR

Kjúklingalæra kjöt með sinnepsösu, káli, karamellisruðum og sultuðum lauk, rifsbjergasultu, frönskum og 0,5l gosi







Jólasveinabúningar

Höfum framleitt jólasveinabúninga á íslenska atvinnujólasveina í 39 ár og erum enn að. Seljum einning stök skegg og húfur með hári.

TAUPRENT

Sími: 845 2510 • Facebook: jólasveinabúningar einn og átta

Við erum hér!



Kjúklingastaðurinn
★ Suðurveri ★



HALLDORA

www.halldora.com

Íslensk hönnun um jólin
skór, veski & fylgihlutir



HÁVAÐI SKAÐAR HEYRNINA ...líka flugeldar



Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana

Þjóðum fjölbreytt úrval bæði af stöðluðum og sérsmíðuðm heyrnarsíum sem dempa hávaða og hlífa heyrninni án þess að breyta blöndun og tónblæ hljóðsins.



Allar helstu rekstrarvörur og aukahluti fyrir heyrnartæki fást á vefverslun heyrn.is



Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • heyrn.is

VERÐ FRÁ
3.800 KR.



Endurbætur á hólmanum í Tjörninni

Stefnt er á að nýta frostakafla framundan til þess að fjarlægja efsta lagið af hólmanum og flytja efni út í hann. Það er gert nú þar sem flytja þarf efnið á ís en markmið framkvæmdanna er að styrkja fuglalíf á Tjörninni. Farið verður í aðgerðir til þess að bæta varpland í hólmanum, fyrir til að mynda endur, og einnig verða bakkavarnir endurnýjaðar. Á meðan framkvæmdir standa yfir í desembermánuði þarf að loka fyrir aðgengi gangandi að Tjörninni til móts við Friðkirkjuna og verða settar upp hjáleiddamerkingar.

Áður hefur verið farið í svipaðar framkvæmdir í Þorfinnstjörn með góðum árangri þar sem kriuvarp hefur eflst merkjanlega. Með aðgerðunum fylgir Reykjavíkurborg eftir ráðleggingum líffræðinga sem vaktað hafa lífríki Tjarnarinnar um árabil.

Saga fuglalífs og hólmans

Sjálfsgagt eru fáir staðir á Íslandi með jafnlanga sögu samfelldrar byggðar eins og í námunda við Tjörnina. Áður

fyrir var Tjörninn sjávarlón en það lokaðist af fyrir um 1200 árum en hefur með tímanum orðið að ferskvatnstjörn. Við upphaf 20. aldar var fuglalíf á Tjörninni mjög takmarkað þar sem flestir fuglar voru veiddir en frá 1919 hafa þeir verið friðaðir. Samhliða friðun var sett á siglingabann og gátu þá fuglar orpið óáreittir í hólum Tjarnarinnar, en þeir eru enn þann dag í dag mikilvægustu varpstaðir svæðisins. Tjörninn og Vatnsmýrin eru á C-hluta Náttúruminjaskrár og Friðland fyrir fugla var stofnað 1984 í norðanverðri Vatnsmýrinni.

Stóri hólminn í Tjörninni hefur verið á kortum af Reykjavík frá því um 1800 og hefur hann í tímans rás verið bæði stækkaður og hlaðið í kringum hann. Þá hafa ýmsar hugmyndir verið uppi um notagildi hans en í lok 19. aldar stóð til að þar yrði byggt veitingahús og þangað lögð brú. Þá var þar sett upp sleðahringekja á vetrum á svipuðum tíma.

Matthías Johannessen



M-samtöl
ÚRVAL

Samtöl Matthíasar Johannessen í nýrri bók

Matthías Johannessen, ritstjóri Mbl. og skáld, skrifaði mörg samtöl við valinkunna einstaklinga í Morgunblaðið. Margt af því var venjulegt fólk. Aldraðir sjómenn. Hundrað ára konur í sveit. Hestamaður eða bóndi. Miðill eða kokkur. Málari eða flugstjóri. Aðrir voru þjóðþekktir. Steinn Steinarr. Halldór Laxness. Páll Ísólffsson. Kjarval. Sama hvort var – Matthías sýndi öllum virðingu og hver og einn fékk að njóta sín á sinn hátt.

Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók. Einstakt úrval, einstök bók.

Einstakt úrval, einstök bók

Erum flutt í glæsilegt húsnæði að Lág múla 4 (2.hæð) og bjóðum upp á alla þjónustu tengda göngugreiningu.

Hjá okkur starfar reynslumesta starfsfólkið í göngugreiningum og notum einn fullkomnasta greiningarbúnað sem völ er á.

Höfum þrjár gerðir af tæknilegustu innleggjum á markaðnum sem við búum til á staðnum.

Lýður og Elva hafa tekið á móti rúmlega 70.000 einstaklingum í göngugreiningu um allt land!

Bókaðu tíma í göngugreiningu á www.gongugreining.is eða í síma 481-1000

GÖNGUGREIÐING



Skannaðu kóðann og bókaðu þinn tíma á netinu!





HALLGRÍMSKIRKJA

AÐVENTU OG JÓLATÓNLEIKAR | 2024

HÁDEGISTÓNLEIKAR

Ertu búin/n að Bach-a fyrir jólin?

Laugardagur 7. desember kl. 12

Tómas Guðni Eggertsson | orgel

Davíð Þór Jónsson | píanó

Aðgangseyrir ISK 2.900



SYNGJUM JÓLIN INN!

Kórsöngur, almennur söngur & lestrar

Sunnudagur 22. desember kl. 17

Kór Hallgrímskirkju | Steinar Logi Helgason | stjórnandi

Kór Langholtskirkju | Magnús Ragnarsson | stjórnandi

Graduale Nobili | Agnes Jórunn Andrésdóttir | stjórnandi

Björn Steinar Sólbergsson | orgel

Ókeypis aðgangur

ORGELTÓNLEIKAR

Olivier Messiaen | Fæðing Frelsarans

26. desember – Annar í jólum kl. 17

Björn Steinar Sólbergsson | orgel

Aðgangseyrir ISK 3.900

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

31. desember – Gamlársdagur kl. 16

North Atlantic Brass

Björn Steinar Sólbergsson | orgel

Aðgangseyrir ISK 4.500

Miðasala í kirkju og www.tix.is

AÐVENTA

(fram að 18. desember)

MESSA OG SUNNUDAGASKÓLI Alla sunnudaga kl. 11.00

BÆNASTUND Alla mánudaga og föstudaga kl. 12.00-12.15

MORGUNMESSA Alla miðvikudaga kl. 10.00 - 10.30

Kyrrðarstund með tónlist og stuttri ihugun

Alla fimmtudaga kl. 12.00 – 12.30

Ókeypis aðgangur og létt hádegishressing í boði.

KVÖLDKIRKJA 19. desember milli 20-22

FJÖLSKYLDUGUÐSÞJÓNUSTA og jólaball 22. desember kl. 11

FORELDRAMORGNAR Alla miðvikudaga kl. 10.00-12.00

(gengið inn að aftanverðu)

HANDAVINNA Alla laugardaga frá klukkan 10-12 í Suðursal.

Alltaf heitt á könnunni.

JÓL OG ÁRAMÓT

24. desember | Aðfangadagur

18:00 Aftansöngur

23:30 Guðsþjónusta á jólanótt

25. desember | Jóladaur

14:00 Hátíðarmessa

26. desember | annar í jólum

11:00 Helgistund

14:00 Ensk messa | *Service in English*

29. desember | Sunnudagur

11:00 Messa

31. desember | Gamlárskvöld

18:00 Aftansöngur

1. janúar | Nýársdagur

14:00 hátíðarmessa

HVAÐ VERÐUR FEGRA FUNDIÐ?

/ What Can Be More Perfect?

Úrval úr sálmum og kvæðum sr. Hallgríms Péturssonar í einstakri tvímálaútgáfu, með enskum þýðingu. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Margrét Eggertsdóttir sem jafnframt er ritstjóri völu.



Hallgrímskirkja er opin alla daga frá kl. 10.00-17.00

hallgrimskirkja.is



BÍÓKORT
EINN MÁNUÐUR
LAUGARÁS BÍÓ

GJAFABRÉF
Gífa fyrir vinnu á gjafu að engri vni
þessu lítu þess og gni í Laugarásbíó.
LAUGARÁS BÍÓ
AXL

Gefðu skemmtilega gjöf!
Bíókort og gjafabréf fást í miðasölu Laugarásbíós

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS



ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispövörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í
styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor
(afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN



**LJÓSAÐÍÐU-
KROSSAR Á LEIÐI**
Íslensk framleiðsla
fyrir íslenskt veðurfar

JS Ljósasmiðjan ehf.
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Sími: 554 0661 / 897 4996



Jólatilboð

20%
Afsláttur

Harðir jólapakkar fyrir bílinn
Öll hleðslutæki á afslátti fram að jólum

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

Pankar Jónu Rúnu

Jólastress og annað vesen

Í sjálfum jólamánuðinum er eitt og annað í gangi hjá flestum okkar. Mörg erum við afskaplega upptekin í gjafastússi, smákökubakstri og hreingerningum. Svo ekki sé nú talað um alla tónleika, jólahlaðborð og aðra viðburði sem fólki finnst það hreinlega verða að mæta á. Fyrir flest börn er þetta tími mikillar tilhlökkunar og eftirvæntingar. En fyrir marga fullorðna einkennist þessi mánuður af alltof mikilli streitu og þá sérstaklega hjá konum sem bera mjög oft mestan þungan af hinni svokölluðu þriðju vakt. Það gleymist oft á þessum tíma að muna hvers vegna við höldum heilög jól og fæðing frelsarans er gjarnan það síðasta sem fólk er að velta fyrir sér í amstri adventunnar. Það væri óskandi að fólk gæti skipulagt sig þannig að desembermánuður væri ekki svona fullur af streitu. Adventan á að vera tími íhugunar og rólegrar samveru. Myrkríð færir yfir og það er ekkert notalegra en að sitja inni hlýjunni ásamt ástvinum og drekka heitt súkkulaði. En þetta er oft nánast ógjörningur vegna streitu og hraða samfélagsins. Ég held að það sé hægt að snúa þessu við ef að vilji er fyrir hendi. Það eru ýmis ráð sem hægt er að fylgja til þess að draga úr jólastressinu og ýta undir slökun og núvitund á adventunni. Til dæmis er hægt að endurskoða örlitið allt gjafastússi. Ég er að sjálfsögðu ekki mótfallin jólagjöfum en þær þurfa ekki að vera rándýrar eða umfangsmiklar. Það er engu barni gott að venjast því að fá jólagjafir sem kosta jafnvel tugi þúsunda. Jólagjafir geta verið einfaldar og ódýrar en samt glatt þann sem þiggur. Hvað varðar gjafir handa vinum og vandamönnum, þá er vel hægt að ákveða að gefa öllum eins konfektakassa eða gjafakort, eða eitthvað heimatilbúið. Það þarf ekki endilega að stressa sig yfir að velja mismunandi gjafir handa öllum. Þannig er hægt að fara í einn leiðangur og græja gjafir á alla línuna. Svo er líka afskaplega skynsamlegt að versla allt slíkt vel í tíma. Frestunarárátta er ekki af hinu góða í jólaaðstæðunum. Það er líka engin þörf á því að gera svakalega jólahreingerningu. Það er skammdagi og myrkur og dauf birta við kertaljós felur allt ryk. Hver tekur eftir því hvort búið sé að þvo gardínur eða eldhúsinnréttingar fyrir jólin? Ég mæli frekar með vorhreingerningu þegar birta fer. Ég persónulega hef mjög gaman af því þegar fólk skreytir fyrir jólin snemma. Það er eitt-hvað svo gott fyrir sálina að hafa ljós á runnum og trjám utan dyra í myrkrinu. Eins er bara gaman af því að koma upp jólaskrauti snemma innandyrna. Það eykur bara þessa góðu, hlýju jólatilfinningu og framlengir tíma eftirvæntingar. Getið þið ímyndað ykkur hversu langur og leiðin legur hinn íslenski vetur væri ef að ekki hefðum við jólin og áramótin til þess að stytta hann og gera bæriligan? Mig hryllir við tilhugsuninni. Ég held að markmiðið hjá



okkur öllum ætti að vera að njóta adventunnar og svo jólanna. Gefa okkur tíma til að anda og hugsa um boðskap jólanna. Það er líka skynsamlegt að velja af kostgæfni hvaða viðburði maður vill mæta á, það þarf ekki að fylla dagskrá desembermánaðar þannig að það valdi streitu. Svo vil ég mæla með að þeir sem hafa börn í heimili minni sig á að jólin eru alltaf fyrst og fremst hátíð barnanna og það er mikilvægt að sjá til þess að þau eigi falllegar og jákvæðar minningar um jólin heima. Ekki drekka áfengi í óhófi fyrir framan þau og ekki rífast á jólinum. Ef að makinn er gjörsamlega óþolandi þá er fínt að muna að sá vægir sem vitið hefur meira. Það er hægt að taka á slíkum vandamálum síðar meir. Jólin eru heilög og slíkt þarf að virða. Þau eru ekki staður né stund til þess að vinna í samskiptavanda milli hjóna eða gera upp sakir. Slík hegðun er engum til framdráttar og er algjörlega óásættanleg. Við verðum að muna að áföll sem börn verða fyrir, sérstaklega þegar þau tengjast hátíðarhöldum eins og jólum og áramótum, sitja í þeim alla ævi og geta varpað löngum og myrkum skugga yfir þessa hátíðardaga um ókomna framtíð þeirra. Ef að þau verða sem fullorðnir einstaklingar þunglynd um jólin vegna þess að þá rifjast upp erfiðar minningar tengdum mömmu og pabba, þá eru þau líklegri til þess að flytja slíka depurð yfir á sín eigin börn og þar með er komin dapurleg hringrás sem erfist á milli kynslóða. Það sama á við um áramótin. Ef barnafólk vil djamma á þeim tímamótum þá mæli ég með því að koma börnunum í öruggt skjól hjá öðrum á meðan. Gefum þeim fyrri hluta kvöldsins með góðum mat og góðri samveru en blöndum þeim alls ekki í partýstand fullorðinna. Djamm, drykkja og börn eiga ekki saman. Setjum þau alltaf í forgang því þau eru bara lítil einu sinni og í mjög stuttan tíma.

Jóna Rúna Kvaran
www.jonaruna.com

Á vegi góður Guð leiðir
í sigrum í sorgum gætir.
Allt Herra í ástaryl leiðir
eilíf englahöndin mætir.
Himnasalir, helgin leiðir
hjartaþel Drottins gætir.



Frá fossi flóð niður fellur
fallæg rós við stein í jörð.
Sólin skín og laufið fellur
sumt í draumi nærri jörð.
Í náttögg rjóð rós fellur
í nálægð hjarta í gulljörð.

Höf. Jóna Rúna Kvaran

„Kærleikur treystir á bæn og trúir á Guð..“ JRK



**SALT- OG
SANDKISTUR**

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 50 ÁR

BORGARPLAST
STOFNAD 1971



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNLSA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Fjölbreytt jóladagskrá í Jólaborginni

Aldrei hefur verið meira skreytt í Reykjavík fyrir hátíðarnar, en hana prýða nú yfir 500 þúsund ljósaperur og 50 kílómetrar af jólaseríum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði í Jólaborginni, við Austurvöll, á söfnum, í Elliðaárdalnum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum alla aðventuna og ættu öll að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Jólakötturinn er á sínum stað og nú hafa Grýla og Leppalúði bæst í hópinn í gróðurhúsinu við Lækjartorg. Oslóartréð á Austurvelli hefur verið tendrað og er ómissandi hluti af Jólaborginni. Alltaf bætist eitthvað nýtt í Jólaborgina og er fólk hvatt til að gera sér glaðan dag í borginni á aðventunni.

Jólamarkaður við Austurvöll

Austurvöllur er í hjarta Jólaborginnar og hefur aldrei verið falgri. Um 10 kílómetrar af ljósaseríum prýða nú gróðurinn við torgið og starfsfólk borgarinnar hefur búið til skemmtileg ljósagöng á hvorum enda þess. Einnig er búið að koma fyrir glæsilegum jólakrans þar sem tilvalið er að taka hátíðlegar myndir. Í fyrsta sinn er boðið upp á jólamarkað við Austurvöll og munu söluaðilar bjóða upp á fjölbreytt úrval af smávöru og

spennandi jólavörum. Markaðurinn verður opinn allar helgar í desember og dagana 19. - 23. desember.

Tónlist, jólasveinar og annað fjór alla aðventuna

25 styrkjum var úthlutað úr viðburðapotti Jólaborginnar til listafólks sem mun skemmta gestum og gangandi í miðborginni. Kórsöngur, harmonikkutónlist og lúðrablastur mun heyrast um miðborgina og sjá til þess að halda uppi jólastemningunni í miðborginni. Jólasveinarnir verða á vappi og tröllíð Tufti ásamt fjölskyldu munu bregða á leik allar helgar fram að jólum. Boðið verður upp á flesta viðburði um helgar og svo síðustu dagana fyrir jól.

Jólavættaleikur

Jólavættaleikurinn hófst 5. desember og eru allar jólavættinnar búnar að koma sér fyrir á húsveggjum víðs vegar um miðborgina. Leikurinn hefur notið vinsælda meðal gesta borgarinnar sem skemmta sér við að þræða götur og torg í leitinni að jólavættunum og fylla inn á jólavættir. borginokkar.is. Leikurinn stendur til 19. desember og verða vegleg verðlaun dregin út úr innsendum réttum svörum.

Jólaskógur

Kateřina Blahutová upplifunarahönnuður hefur umbreytt Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í ævintýrlegan jólaskóg. Þar verður auðvelt að komast í jólaskap enda grenilyktin allsráðandi í skrautlegu jólaumhverfi. Jólaskógurinn er opinn virka daga frá klukkan 8-18, á laugardögum frá klukkan 10-18 og á sunnudögum frá 12-18.

Jóladalurinn

Það er ævintýri líkast að ganga um Jóladalinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en garðurinn hefur verið skreyttur með falglegum jóla-ljósum. Hægt verður að heimsækja dýrin og þau sem þora geta heimsótt sjálfan jólaköttinn. Kvöldopnanir verða líkt og undanfarin ár frá klukkan 17:00 - 20:00 föstudaga til sunnudaga til jóla og ókeypis aðgangur.

Jól á Borgarbókasafni

Jóladagskrá Borgarbókasafnsins er fjölbreytt og ættu öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í aðdraganda jóla. Boðið verður upp á upplestur úr nýjum bókum, barnabókaball, ýmiss konar fönðurstundir, samsöng og margt fleira. Jóladagatalið er á sínum

Pabbabrandarar 3.0

Nýr skammtur af pabbagríni



Höfundur:
Þorkell Guðmundsson

Hin fullkomna jólagjöf fyrir alla pabba landsins.
Í þessari nýju bók eru líka 16 vísnaðgátur!

◆ HVERFISBLAÐIÐ ◆

Miðborg & Hlíðar
Auglýsingasími 568 8862

REYKJAVÍK ER

JÓLABORGIN

Njótið aðventunnar í miðborginni
borginokkar.is



SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTÍÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670



stað þar sem opnaður verður einn kaffi á dag og hægt að lesa að hlusta á Jólævintýri.

Jólin á Árbæjarsafni

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember. Þá

daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga. Jólaundirbúningur er í fullum gangi í bænum og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Í Árbæ má sjá heimafólk skera út laufabrauð, kemma ull og spinna garn. Kæsta skatan er komin í pottinn í Efstabæ og í

Miðhúsum eru prentuð falleg jóla-kort. Í hesthúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg.

Allar upplýsingar um dagskrá má nálgast á jolaborgin.is








Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA



Umbúðagámar fyrir pappa- og plastumbúðir
hjá **Orkunni 23. - 27. desember.**

-  Austurströnd, Seltjarnarnesi
-  Kleppsvegi, Reykjavík
-  Gylfaflöt, Reykjavík
-  Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
-  Skagabraut, Akranesi
-  Mýrarvegi, Akureyri



HP
GÁMAR

Krossgátublaðið Fjörefni 58. tbl.,
Krossgátublaðið Nýjar Tómsundur 58. tbl.
og Krakkaþlaðið Prautakóngur 34. tbl.
fást á næsta blaðsöluastað



Frá stjórn Íbúasamtaka Miðborgar

Þann 5. desember sl. hélt stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) fund með verkefnastjóra miðborgarmála og miðlunarverkefna. Samtalið var gott. Hugmyndir voru reifaðar um bílastæðamál, ferðamannarútur, almenningsgöngur innan miðborgarinnar, hvílu-stæðin svonefndu, laus skilti á götum og gangstéttum og skipulag Hlíðarendasvæðisins.

Bílastæðasjóður skiptir borginni í svæði A, B, C o.s.frv og má handhafa íbúakorts leggja innan eins tiltekins svæðis og annars staðar ekki. Það kom fram í umræðunni, að svæðin þykja of lítil, þau mættu skarast eða vera stærri. T.d. afmarkar Frakkastígur tvö gjaldsvæði. Þau sem búa öðru hvoru megin við þá götu, mega ekki leggja handan götunnar, þá fá þau sekt, þó þau séu í rauninni að leggja í sínu nærumhverfi.

Verktakar geta sótt um afnot af borgarlandi vegna framkvæmda og leggja stundum undir sig bílastæði miklu lengur en framkvæmdir standa yfir. Á vef Reykjavíkurborgar er hægt að skoða hvort að sótt hafi verið um leyfi fyrir afnotum á borgarlandi. Bílaleigubílar eru víða áberandi. Margir nýttu sér bílastæðin við Skúlagötu sem lögð voru undir skiptistöð Strætó án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Íbúum í Skuggahverfi er hreinlega misboðið. Af þessu öllu leiðir mikið hringsól íbúa í leit að stæði og því fylgir aukin umferð og mengun. Bent var á að fá að nota bílastæði sem standa auð um kvöld, nætur og helgar. Frímúrarar leyfðu notkun á sínu stæði við Borgartún þegar þeir þurfa ekki að nota það. Fleiri mættu taka sér það til fyrirmyndar, t.d. opinberar stofnanir. Áhugi er innan borgarkerfisins á

grænni tengingu við Leifsstöð, þ.e. virkari almenningsgöngum og að bílaleigubílar hafi afdrep í miðborginni.

Þá að almenningsgöngum. Íbúasamtökin hafa viðrað þá hugmynd, að komið verði á öflugum almenningsgöngukerfi innan miðborgarinnar, sem myndi þjóna bæði íbúum og ferðafólki. Sums staðar ríkir ófremdarastand í u.þ.b. tvær klukkustundir á hverjum morgni, t.d. þar sem verið er að tína upp túrista á horni Snorrabrautar og Laugavegar. Þar biður fjöldi ferðamanna eftir fari og þangað koma stórar rútur, hver á eftir annari, en hver þeirra hirðir einungis upp örfáa farþega. Betra væri að minni bílar færu með fólk á einhvern stað, þar sem væri biðstöð fyrir stórar rútur.

Kannanir hafa sýnt að færri nemendur Austurbæjarskóla stunda íþróttir en krakkar í öðrum skólum. Það er vegna þess að gönguleiðir úr gamla bænum á Vallsvæðið eru bæði langar og hættulegar. Þarna þyrftu almenningsgöngur að vera fyrir hendi. Verkefnastjóri miðborgarmála bauðst til að finna þann einstakling á samgöngusviði, sem gæti unnið með íbúasamtakunum að því að bæta ástandið. Hann taldi „konkret“-tilögur vænlegastar til árangurs. „Hvílustæði“ eru bílastæði sem breytt er tímabundið í dvalarstæði fyrir íbúa og gesti borgarinnar. Megináhersla með hvílustæðunum er að skapa skemmtileg svæði fyrir fólk í sólríkum göturýmum borgarinnar, svæðum sem geta hvatt til dvalar, samskipta og leiks.“ Svo segir á vef Reykjavíkurborgar. Erfitt er að sjá þetta raungerast um hávetur og þar sem hörgull er á bílastæðum, finnst mörgum að þessum „tímabundnu“ gjaldfrjálsu hvílustæðum ætti að

breyta aftur í bílastæði handhafa íbúakorts þar til vorar á ný. En hver á að bera kostnaðinn af breytingunum vor og haust?

Laus skilti á gangstéttum, stundum þrjú samskonar skilti fyrir framan einu og sömu verslunina eru farartálmi, ekki sist fyrir gangandi vegfar- endur með barnavagn, sem hrökklast út á götu fyrir bragðið. Þar virðist ekki farið að lögum, því skiltin eiga að standa upp við húsvegg. Eitthvað hefur borið á hátölurum fyrir utan öldurhús íbúum til ama. Þar þarf líka að fara að lögum. Vel þykir hafa tekist til við skautasvellið á Ingólfs- torgi, þar sem hljóðstyrk hefur verið stillt í hóf miðað við fyrri ár. Ábendingarvefur Reykjavíkurborgar er vettvangur fyrir tilkynningar um það sem miður þykir fara. Sjálfsagt er að nýta sér það.

Hávaði frá útihátölurum var ræddur því á síðasta ári voru íbúar meðal annars á Skólavörðustíg að kvarta um hávaða frá skautasvellið á Ingólfs- torgi. Útihátalarar mega ekki vera lengur í gangi en til kl 22. Ef íbúar þurfa að leggja inn kvörtun vegna hávaða þá á að gera það á síðu Heilbrigðiseftlits Reykjavíkurborgar. Allnokkrar umræður voru um Hlíðar- endahverfið. Ákveðið hefur verið að taka svæði undir íbúabyggð, sem áður hafði verið ætlað undir leik- og íþróttasvæði barna. Íþróttafélagið Valur hyggst reisa stórt knattleikja- hús á svæðinu og verður að sögn að gefa þetta svæði eftir fyrir íbúabyggð. Nánar um það mál síðar.

Fundurinn með verkefnastjóra miðborgarmála var gagnlegur og er vonandi bara byrjunin á löngu samta- li íbúasamtaka og borgaryfirvalda um málefni miðborgarinnar.




Fyrirhuguð borgarlína.

Fríkirkjuvegur verður lokaður ... borgarlína framhjá Hörpu

Gert er ráð fyrir að Fríkirkju- vegur verði lokaður fyrir almenna umferð en Suðurgata austan Hringbrautar verði tví- stefnugata. Þá er ekki gert ráð fyrir almennri umferð um Suðurgötu vestan Tjarnarinnar eins og áður var áformað. Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á legu borgarlínu í miðbænum miðað við þær tillögur sem settar hafa verið fram.

Nú er gert ráð fyrir að akrein frá borgarlínu liggja framhjá Hörpu sem ekki var í fyrri áætlunum. Í kynningu á þeim breytingum sem fyrirhuguðar eru er nú fremur talað um um Miklubrautarstokk en Miklu- brautargöng, þrátt fyrir að í nýlega uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sé talað fyrir göngum. Fyrsta lota er sá áfangi borgarlínuverkefnisins sem nær frá Ártúnshöfða og yfir þróunar-

svæði vegna Sæbrautarstokks, um Suðurlandsbraut niður á Hlemm og þaðan niður Hverfisgötu á Lækjar- torg. Því næst um háskólasvæðið og Vatnsmýri, gegnum BSÍ-svæðið og meðfram Landspítala og þaðan niður að HR, yfir Fossvogsbrú og um Kárs- nes upp í Hamraborg.



Hugvekja frá Dómkirkjunni

Það er ástæða fyrir íbúa Reykjavíkur að leggja leið sína á Austurvöll í aðdraganda þessara jóla því líklega hefur hann aldrei verið eins fagurlega baðaður jólaljósum líkt og á þessari aðventu. Andspænis Hótel Borg er kominn vísir að jólaþorpi þar sem ýmiss varningur er á boðstólum, en á miðjum Austurvelli stendur enn stytta af Jóni Sigurðssyni á sínum stalli og á honum lágmyndin Brautryðjandinn eftir Einar Jónsson sem vert er að berja augum. Þar má líta tröllvaxinn mann ryðja grjóti burt fyrir fólkíð sem stendur honum að baki. Þetta myndverk kallast ekki einungis á við lífsstarf Jóns forseta heldur einnig lexíu fyrsta sunnudags í aðventu úr spádómsbók Jesaja þar sem segir: „Leggið, leggið braut, ryðjið grjótinu burt.“ Þau orð kalla okkur hvert og eitt til að undirbúa okkur hið innra undir komu frelsarans sem fæðist í litlu barni í Betlehem. Aðventan er undirbúningstími og dýrmætt tækifæri til að ganga í átt til jólahátíðarinnar og meðtaka boðskap hennar á okkar eigin forsendum til uppbyggingar í lífi okkar.

Því miður eru þau mörg sem kviða jóluunum og hlakka ekki til þeirra vegna þeirra krafna um íburð og eyðslu sem margir skynja í ytra umhverfi og reynist erfitt að frelsast undan. Þannig upplifa margir að jólin séu ekki hátíð ljóss og friðar heldur neyslu og streitu.

Almenningur þarf á því að halda að frelsa jólin frá því að snúast um dýrar

gjafir, tónleika, viðburði, fatakaup eða hvers kyns óhóf en gera þau fremur að raunverulegri hátíð fegurðar, friðar og innlegra tengsla sem eru það dýrmætasta sem við eigum þegar öllu er á botninn hvolft. Sannleikurinn er sá að við þurfum ekki að ganga til liðs við kaupæði, neyslu eða stress heldur getum við ákveðið að gera jólin að þakkar- og lífsgleðihátíð sem hjálpar okkur til að hlúa að því sem er okkur helgast og kærast. Sagan af þarinu unga sem varð að beygja sig undir valdið og leggja af stað í langferð á afar óhentugum tíma þegar María var komin að fæðingu, er margslungin. Jólasagan minnir okkur t.d. á að fegurðin, umhyggjan og sannleikurinn birtist við hversdagslegustu aðstæður og vitjar líka þeirra sem við sist væntum.

Enda þótt ekki sé allt eins og við helst kysum og margt sé mótdrægt í veröldinni, þá megum við engu að síður taka á móti þeim gleðiþöskum jólaanna að frelsari manna fæðist í litlu barni sem lagt var í jötu. Í gripahúsinu var hvorki glys eða glimmer, kampavín eða kalkúnn. En hvar sem fólk opnar hjarta sitt fyrir boðskap jólaanna breytist „hreysi í höll“ og hjörtu okkar í „vögg“ Jesúbarnsins eins og við syngjum um á jólanótt.

Guð gefi þér og þínum gleðiríka jólahátíð!

Elinborg Sturludóttir
Dómkirkjuprestur



Ljósmynd: Simon Vaughan.

HELGIHALD OG TÓNLEIKAR Á AÐVENTU OG JÓLUM.

Fimmtudagur 12. desember
Tíðasöngur 9.15

Föstudagur 13. desember
Tónleikar Sycamore tree.

Sunnudaginn 15. desember
Prestsvígsla kl. 11.00
Biskup Íslands Guðrún Karls Helgudóttir vígir, Séra Sveinn Valgeirsson, Lenka Mátéová og Dómkórinn.

Mánudagur 16. desember
Jólasamsöngur með Hljómeyki kl. 20.00

Þriðjudagur 17. desember
Tíðasöngur 9.15
Bach tónleikar 20.00-20.30.

Tónleikar Sönghópsins Marteins kl. 21.00
Söngurinn samanstendur af um 40-50 vinum sem sengu í Dómkórnum undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar dómorganista.

Miðvikudagur 18. desember
Tíðasöngur 9.15
Örganga kl. 18.00

Fimmtudagur 19. desember
Tíðasöngur kl. 9.15 og kl. 17.00

Sunnudagurinn 22. desember
Messa kl. 11.00
Séra Sveinn Valgeirsson, Matthías Guðmundsson guðfræðinemi prédikar. Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Mozart við kertaljós kl. 21.00.
Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlegu kertaljósátónleika.

Aðfangadagur jóla 24. desember
Dönsk guðþjónusta kl. 15.00.
Sr. Elinborg Sturludóttir, Kári Pormar organisti.

Aftansöngur kl. 18.00
Séra Elinborg Sturludóttir prédikar, séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn, Guðmundur Sigurðsson dómorganisti, Jóhann Stefánsson og Sveinn Birkisson leika á trompetta.

Miðnæturguðþjónusta kl. 23.30.
Þá verða lesnir og sungnir níu lestrar og sálmar. Á milli lestra syngur söfnuðurinn jólasálma. Dómkirkjuprestarnir og Lenka organisti leiða guðþjónustuna.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðþjónusta klukkan 11.00
Biskup Íslands Guðrún Karls Helgudóttir prédikar og séra Elinborg Sturludóttir þjónar. Lenka Mátéová organisti.

Sunnudagur 29. desember
Messa kl. 11.00
Séra Sveinn Valgeirsson, Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18.00
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar og þjónar. Dómkórinn og Guðmundur Sigurðsson dómorganisti.

Nýársdagur 1. janúar
Hátíðarguðþjónusta kl. 11.00.
Biskup Íslands, Guðrún Karls Helgudóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn og Guðmundur Sigurðsson dómorganisti

6. janúar
Tónleikar Dómkórisins kl. 20.00
Kórinn flytur hið undursamlega A Ceremony of Carols op. 28 eftir Benjamin Britten, ásamt Elísabetu Waage hörpuleikara.



Starfsfólk og sóknarnefnd Dómkirkjunnar óska sóknarbörnum og landsmönnum öllum gleðiríkra jóla, með þakklæti fyrir allt á árinu sem er að líða. Guð blessi ykkur!

Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna



þín

Jólaborg

þín upplifun

- 274 verslanir
- 287 veitingastaðir
- 292 önnurþjónusta
- 35 List og menning

www.midborgin.is

Myndlistaskólinn fluttur



Aslaug Thorlacius í samkomusal skólans en þaðan er útsýni yfir Hlemmtorg, Esjuna og sundin blá

Myndlistaskólinn í Reykjavík er fluttur úr JL húsinu í Vesturbæ Reykjavíkur að Hlemmi eða nánar tiltekið á Rauðarárstíg 10. Tíðindamaður blaðsins kíkta í heimsókn til Aslaugar Thorlacius skólastjóra og bauð skólann velkominn í Austurbæinn og kynntist þá húsnaðissögu skólans sem framan af var á hrakhólum með húsnaði.

Þessi skóli sem er að nálgast átrætt hefur reyndar verið stóran hluta síns starfstíma til húsa í mið- og Austurbænum, segir Aslaug. Til að byrja með var skólinn á Grundarstíg en var svo um árabíl á Laugavegi 166 í húsinu sem kennt var við Trésmíðjuna Viði. Viðishúsið brann árið 1957 og þá tók Ásmundur Sveinssonar skólann heim til sín, í Ásmundarsalinn uppi á Freyjugötu en hann var

einn af stjórnendum skólans. Þar var skólinn næstu tvo áratugi þegar hann flutti hingað á Rauðarárstíginn, á 2. hæðina í þessu sama húsi og við vorum að flytja í. Þetta var árið 1977 og þá var lögð heilmikil vinna í að koma skólanum vel fyrir. Það dugði hinsvegar skammt því húsið var selt 1979 og skólinn þurfti enn að flytja. Í þetta sinn var flutt niður í miðbæ, á efstu hæðina í Grófarhúsnu þar sem Ljósmyndasafnið er í dag. Þar var skólinn í tæplega tvo áratugi en þegar hann þurfti að fara þaðan var gripið til þess að finna hús sem hægt væri að kaupa því það er eiginlega ekki hægt að vera alltaf að flytja, það er svo ótrúlegt mál að flytja svona skóla.

Kaup voru fest á hluta 2. hæðarinnar í JL húsinu við Hringbrautina og þar

hefur skólinn verið í aldarfjórðung. Skólinn eignaðist smám saman stærri hlut í húsinu og átti þar orðið tveir heilar hæðir en það voru stórir gallar á húsinu sem urðu stöðugt meira áberandi og voru t.d. orsök þess að aðrar hæðir voru meira og minna tóm. Við erum búin að vera að reyna að flytja skólann í átta ár og erum búin að máta okkur inn í ansi mörg hús. Það er ekki einfalt mál að finna hús sem hentar vel undir svo sérhæfða starfsemi og selja gamla húsið um leið. Þetta tók því sinn tíma en nú erum við loksins flutt og Rauðarárstígurinn er klárlega besta húsið af öllum sem við höfum verið að skoða.

Hvaða stöðu hefur skólinn sem menntastofnun?

Myndlistaskólinn er viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi. Við erum með samning við ríkið um

kennslu á listnámsbraut til stúdentsprófs og einnig um svokallað fornám sem er ætlað nemendum með stúdentspróf af annarri braut og bæta við sig brautarkjarna listnámsbrautar á einu ári. Ennfremur einn hóp nemenda með þroskahömlun sem hafa lokið starfsbraut og býðst að taka árs nám sem svipar til fornámsins. Svo reukum við fjórar tveggja ára sérnámsbrautir sem eru skilgreindar sem viðbótarnám í framhaldsskóla, keramikbraut, teiknibraut, textílbaut og listmálarabraut. Það þarf að hafa stúdentspróf til að komast í þetta nám og háskólum er heimilt að meta það til háskólaeininga. Við erum með samninga við skóla erlendis sem meta hverja einingu þar sem nemendur geta lokið BA gráðu með því að bæta við sig eins árs námi.

Elsti kjarninn í skólastarfinu eru svo námskeiðin fyrir almenning. Um þau



snerist starfið fyrstu fimmtíu árin og við leggjum alltaf mjög mikinn metnað í að bjóða upp á fjölbreytt og góð námskeið fyrir börn og fullorðna nemendur. Við erum með samning við Reykjavíkurborg sem styður við barnastarfið, auk þess sem við tökum við á móti nemendum úr leik- og grunnskólum borgarinnar í myndlistarsmíðjur flesta daga skólaársins. Smíðjurnar eru líka samstarfsverkefni við skóla- og frístundasvið borgarinnar. Á sumrin bjóðum við vikulöng sumarnámskeið fyrir börn í sumarfríi auk námskeiða fyrir fullorðið fólk.

Þú ert ánægð með húsnaðið en hvaða möguleika sérðu til að bæta starfsemi?

Nýja húsið er mun betra og það fer miklu betur um allt en á Hringbrautinni. Aðgengi er miklu betra en vesturfrá. Það gat verið erfitt fyrir foreldra að aka Hringbrautina seinni partinn og við biðum auðvitað spennt eftir borgarlínunni sem væntanlega fer hérna um Hlemmtorgið. Við erum að bæta verkstæðisaðstöðu skólans og tilgangurinn er ekki síst sá að geta boðið almenningi upp á enn fjölbreyttari námskeið. Það er eitt af markmiðum skólans að leggja rækt við að miðla handverksþekkingu til almennings og nú langar okkur t.d. mikið til að bæta í textílnámskeiðin okkar en við erum að bæta þá aðstöðu verulega. Eins erum við að bæta aðstöðu fyrir keramik, grafik og ljósmyndun. Við munum samt áfram leggja mikla rækt við grunnþætti á borð við teikningu.

NEXUS IS MYNDASÖGUR

Landsins stærsta úrval af vestrænum & asískum myndasögum finnur þú í Nexus!

Funko POP!
VINYL

RISA ÚRVAL AF POP-FÍGÚRUM FÆST Í NEXUS!

VERD FRÁ 2.799 kr. stk.

MARVEL

DC

SHONEN

image

DARK HORSE COMICS

NEXUS Spilasalur

GAMES WORKSHOP

WARHAMMER 40.000

WARHAMMER AGE OF SIGMAR

Spilamót og málun í **WARHAMMER** alla laugardaga! Dagskrá má finna á facebooksíðu 'Warhammer á Íslandi'.

NEXUS

TVÆR VERSLANIR...

GLÆSIBÆR 104 Rvk. 552 9011

KRINGLAN 103 Rvk. 552 9012



Hver eru framtíðarplönin?

Þessir flutningar hafa verið risavaxið verkefni en nú sér orðið fyrir endann á því og þá förum við á fullt í hugmyndavinnu því hér í nýju húsi eru ýmsir möguleikar sem við höfðum ekki á gamla staðnum. Staðsetningin býður líka upp á ýmsa nýja möguleika á styttri viðburðum, t.d. fyrir hópa sem eru að efla andann, t.d. starfsmannahópa.

Ert einhver gluggi sem fólk getur gægst á til að sjá hvað þið eruð að gera?

Ekki kannski í bókastaflegri merkingu því skólinn er til húsa á 2., 3. og 4. hæð hússins. Það er hefð í skólanum að hengja verk nemenda upp og það verður þannig hér. Við höldum reglulega opið hús og árleg vorsýning skólans er stór viðburður. Nú höfum við eignast stóran og flottan sal sem gaman verður að setja upp sýningar í. Svo er aldrei að vita hvað okkur dettur

í hug að gera þegar við höfum meiri tíma til að huga að þessum málum.

Takið þið inn nýja nemendur um áramótin?

Já, við tökum inn í viðbótarnámið sem er þannig upp sett að það er alltaf hægt að hefja nám við upphaf hverrar annar. Það er opið fyrir umsóknir um nám á vorönn.

Er eitthvað sem þú vilt bæta við?

Við keyptum þetta hús af ríkinu og kaupin áttu langan aðdraganda. Ríkið vildi selja allan reitinn í einu lagi og til stóð að kaupa þetta með samstarfsaðila. Sá dró sig út úr kaupunum á síðustu stundu og þá kom í ljós að ríkið var ekki tilbúið að selja eingöngu eitt hús. Það endaði þannig að við eigum nú líka húsið við hliðina og erum því að leita að góðum leigjendum að tveimur 400 fm hæðum á besta stað í borginni. Áhugasamir mega endilega hafa samband.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Hitt Húsið óskar öllum gleðilegra jóla

Við bjóða öllum ungmennum á aldrinum 16-25 ára að taka þátt í okkar fjölbreytta starfi og njóta aðstöðunnar sem Hitt Húsið hefur upp á að bjóða.



HITT HÚSIÐ

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

HELGIHALD Á AÐVENTU OG JÓLUM

Sunnudagur 15. desember kl. 14
Jólaskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.

Stundin hefst með helgileik barnakórsins í kirkjunni. Síðan verður haldið upp í safnaðarheimili þar sem verður sungið og dansað í kringum jólatré með jólasveininum. Kaffi og meðlæti fyrir alla.

Sunnudagur 22. desember kl. 14
Heilunarguðsþjónusta.

Í samstarfi Fríkirkjunnar í Reykjavík, Kærleiksseturs og Sálarrannsóknafélags Íslands. Friðbjörg Óskarsdóttir heilari og fræðslumiðill leiðir kirkjugesti í heilunarhugleiðslu. Ávarp flytur séra Hjörtur Magni Jóhannsson Um tónlist sér Gunnar Gunnarsson Sönghópurinn við Tjörnina sér um sönginn og syngur Gloriuna undir í hugleiðslunni.

Aðfangadagur 24. desember kl. 17
Aftansöngur á aðfangadagskvöldi

Þóra Einarsdóttir, sópran, syngur einsöng. Sönghópurinn við Tjörnina syngur jóln

inn og leiðir safnaðarsöng udir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Séra Hjörtur Magni leiðir stundina. Aðfangadagur 24. desember kl. 20.55 á RUV sjónvarp. Friðarstund í Fríkirkjunni Sjónvarpsútsending á RUV frá friðarstund í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Jóladagur 25. desember kl. 14
Hátíðarguðsþjónusta á jóladag

Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól. Tónlistarmaðurinn KK flytur nokkur af sínum fjölmörgu lögum og kryddar stundina með skemmtilegum sögum. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

Gamlársdagur 31. desember kl. 16
Aftansöngur á gamlársgl.

Sönghópurinn við Tjörnina leiðir safnaðarsöng við undileik Gunnars Gunnarssonar. Séra Hjörtur Magni Jóhannsson leiðir stundina.

VERIÐ ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN

NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU!

KARÍUS & BAKTUS

MIÐASALA | 528 5050 | HARPA.IS

HARPA



Hátíðarkalkúnn

Kalkúnakrydd

Kalkúnninn má vera af hvaða stærð sem er. Steikingartími kalkúns er um 40-50 mín. pr. kg. á 150° hita, án blásturs.

Ætíð er best að fylgjast vel með kalkúni í steikingu vegna þess að enginn ofn er eins. Einnig er gott að nota kjóthitamæli og miða við 71° kjarnhita. Gott er að þekja hann með álpappír 2/3 hluta steikingartímans og láta hann síðan brúnast síðasta hluta (u.þ.b. 15 mín) og hækka hitann í 200-250°.

Sumum finnst betra að byrja á því að brúna hann til að loka honum og halda safanum inni.

Ef til staðar er pottjárnspottur þá er hann tilvalinn þ.s. hægt er að loka honum og minnka hættuna á að kalkúnninn brenni.

Hér fyrir neðan er dásamleg uppskrift af smjörgljáa til að smyrja kalkúnninn reglulega á meðan steikingu stendur til að koma í veg fyrir að hann brenni og þorni síður upp.

Einnig fékkst gott ráð fyrir þá sem ekki eiga pottjárnspott, í þætti Sigurðar Hall á Stöð 2 um að þekja kalkúnninn með gömlu hreinu viskustykki sem vætt er vel upp úr bræddu smjöri í stað álpappírsins

Fylling

Hráefni.
4-500 gr svinahakk, 6 brauðsneiðar, grófu eða hvítu, handfylli af sveskjum saxaðar, 1 lítil dós apríkósu, smjör, 1 stór saxaður laukur, 200 gr brytjaðir sveppir, ½ glas kalkúnakrydd, salt og pipar.

Leysið upp brauðsneiðarnar í vatni eða kjúklingsasoði. Látið laukinn og sveppina krauma í smjör við vægan hita í 5-10 mínútur. Blandið vel saman við svínahakkið og bætið sveskjum og apríkósunum (án safans) með. Bætið þá kryddblöndunni út í ásamt salt og pipar og fyllið kalkúnninn vel. Ef afgangur er af fyllingunni má gjarnan baka hana í formi með kalkúnninum í klukkutíma eða svo.

Fyllinguna má gera daginn áður

Gljái á kalkún

Hráefni:

1 og ½ msk. Creola kryddblanda Pottagaldra eða Kalkúnakrydd Pottagaldra, ¼ lítr. appelsínudkjús, 3 msk. limekjús eða sitrónusafi, 1 msk. dijon sinnep, 3 msk. soya sósa, 50 gr. bráðið smjör, 2-3 msk. hunang.

Blandið öllu vel saman í skál. Byrjið á því að nudda salti og hvítum pipar vel á kalkúnninn. Pensið síðan kalkúnninn vel með gljáanum og hefið steikingu hans. Pensið af og til með gljáanum á meðan steiking stendur yfir, sérstaklega ef að álpappírinn/eða viskustykkið hefur verið fjarlægð og skinnið að brúnast.

Himnesk sósa

Brúnið og steikið fóamið úr kalkúnninum ásamt vængjastubbunum. Kryddið það með 1-2 tsk. Kalkúnakryddinu ásamt salt, pipar og lárvíðarlaufum um leið og steikt er. Einnig má bæta við 1-2 tsk. Creola. Hellið vatni út á og sjóðið í góðan klukkutíma. Gjarnan má bæta kalkúna- eða kjúklingskrafti út í vatnið ásamt lauk, sellerý og gulrótum til að fá sterkara bragð. Sjóðið rétt yfir suðumarki í góðan klukkutíma og síð. Þegar kalkúnninn er full steiktur skal sía soð hans út í sósusasoði. Sjóðið áfram í 15 mín. Ef soðið er enn gruggugt má sía það aftur. Bætið þá út í soðið restinni af gljáanum ásamt rjóma. Þykkið eftir smekk. Ef portvín eða líkjörar eru til í vinskápn-um má alltaf smakka sósuna til með þeim eða góðu með ribserjageli en gljáinn gerir það besta fyrir sósuna.

Sætkartöflumús

500gr sætar kartöflur, 2 meðal stórar kartöflur, 1 tsk. Chilliflögur Pottagaldra,

safi úr 1/2 sitrónu, 2 msk. smjör, 2. msk. hreinn rjómaostur, Pekan hnetur eftir smekk, 1 msk. rötargrænmeti, salt og pipar

Skræla allar kartöflurnar og skera niður í bita. Kartöflurnar svo settar í pott og vatn latið fljóta yfir. Chilliflögum bætt við má líka sleppa eða jafnvel bæta við og gera sterkari útgáfu. Sitrónusafa bætt út í

pottinn. Suðan látn koma upp og soðið í um 20 mínútur eða þar til að kartöflurnar eru orðnar vel mjúkar. Vatninu helt af. Kartöflurnar settar í matvinnsluvél með smjöri og rjómaosti. Bragðbætt með salti, pipar. Kartöflumúsinn sett í eldfast mót og pekan hnetunum raðað ofan á. Magn eftir smekk. Gott að hita upp 10 mín ofni fá sjóðheita kartöflumús með heitum hnetunum á 200 gráðum með blæstri.



Jólapaté

400 - 500 g kjúklingslifur
150 g gamlir sveppi
eða 50 g þurrkaðir skógarsveppir
1/2 meðalstór laukur smátt skorinn
2 msk Villirjurtakrydd frá Pottagöldrum
Smjör til steikingar.
Salt og grófmulinn svartur pipar
Kóniak / Brandí
2 dl rjómi
Skvetta af sérrí eða portvíni

Sveppirnir og laukurinn eru svissaðir á pönnu í hluta af smjörunu. Kryddað með villirjurtakryddi, salti og pipar. Fjarlægjið af pönnunni.

Steikið og brúnið Kjúklingslifrina í restinni af smjörunu. Kryddið á sama hátt.

Þegar lífrin er vel brúnuð og steikt er hún

„flamberuð“ með kóniaki.

Þá er lauknum og sveppunum bætt úti ásamt rjómanum og látið kruama í 10 - 15 mínútur á vægum hita undir loki. Takið þá pönnuna af og látið standa smá stund.

Allt hráefnið er síðan sett í matvinnsluvél og hrært saman í skamma stund eða þar til hráefnið er orðið meðalunnið.

Um leið og matvinnsluvélin vinnur er dálitlu af sérrí eða portvíni bætt úti.

Setjið í ílát og kælið í ísskáp.

Athugið! Grófleikinn fer eftir því hve lengi matvinnsluvélin vinnur. Berið fram með saltkexi og góðri berjasultu.

POTTAGALDRAR

– eldhús allra landa

Kalkúnakrydd

Þessi kryddblanda var sérstaklega hönnuð til þess að blanda með hráefni sem fer í fyllingu kalkúnsins.

Hér á síðunni má svo finna uppskrift af ljúffengri fyllingu og öðrum góðum ráðum við steikingu og sósugerð kalkúnsins. Saltað og piprað eftir smekk - hristist fyrir notkun.

Innihaldslýsing:

Steinselja, hvítlauksduft, oreganó, majoram, salvía, estragon



Alþýðuhugrækt Grobb



Mat okkar á mannkostum og mikilvægi er ótrúlega margslungið og fjölbreytt. Við sem erum montin og mikil á lofti eigum heilmikið vantalað við okkar innri mann sökum þess að okkur kann að skorta heppilega auðmýkt og lítillæti.

Auðvitað getur verið gott að hafa sjálfstraust og finnast nokkuð til sín koma. Á hinn bóginn gildir að þegar við veljum það atferli í samskiptum að vera bæði sjálfhælin og sperrt teljumst við ekki hafa það sjálfstraust sem liggur í heilbrigðu og jálægu mati á eigin manngildi. Trúlega myndi slík framkoma kallast mont öðru fremur. Kampagleiður einstaklingur virkar óviðkunnanlega á aðra vegna þess að hann hefur tilhneigingu til að álíta sig öðru fólki fullkomnari og merkilegri. Það er því heppilegt að hafa í huga að montið fólk er af flestum talið óviðkunnanlegt og óspennandi og virkar fráhrindandi og óþægilegt.

Best er að ígrunda þá staðreynd að sannanlega verðum við ekkert eftirtektarverðari þó við séum góð með okkur og teljum að andleg eða veraldleg staða okkar sé eitthvað mikilvægari og áhugaverðari en annarra. Velgengni liggur ekki í því að gera t.d. mikið úr því sem er ekki tilkomið vegna okkar eigin hæfileika, atorku eða frumkvæðis. Aðstæður okkar og fjölskylda er eitthvað sem við fæðumst inni þó við kunnum að eiga val í þeim efnum síðar á lífsleiðinni.

Við getum því ekki upphafið sjálf okkur með því að undirstrika af sjálfshælni og þótta hugsanlega stöðu okkar gagnvart umheiminum eða fólki. Allra síst getum við gert það í þeim málum okkar sem beinlínis eru ekki tilkomin vegna eigin verðleika. Við áttum okkur flest fyrir eða síðar á þeirri staðreynd að það er ekki ætterni, atvinna, skólun eða veraldlegur auður okkar sem gefur okkur rétt til að álíta okkur mikilvægari eða merkilegri en annað fólk.


Ágætt er að minna sig á að hnakkert viðhorf ríkja ekki í hugum þeirra sem í raun eru eitthvað af sjálfum sér. Drýld er aftur á móti mjög oft átakanlegur og áberandi ljóður á fasi og framkomu þeirra sem upphessa sjálfa sig á kostnað annarra. Það er augljóslega íhugunarverð staðreynd að manneskja sem er járæn, kærleiksrík, réttisýn og einlæg er sjáanlega á heppilegum og heilbrigðum þroskaleiðum. Við eigum ekki að miklast yfir því sem viðkemur ytri ávinningum og aðstæðum okkar. Heppilegra er fyrir okkur að vera hógvær og lítillát en að vera kampagleið og kræsin. Hyggilegt er að við látum verk okkar og viðmót gefa samskiptum okkar ljóma og reism frekar en að láta dapurleika drýldarinnar gera það.

Höfnum því öllum sjónarmiðum sem miða að því að upphessa persónur okkar á forsendum aðstæðna, útlits, embætta og fjölskyldutengsla. Eyðum frekar tíma og hugsun í þá þætti sammannlegra samskipta sem örva og hvetja okkur til að breyta rétt. Veitum öðrum og máttlitlum hlutdeild í ávinningum okkar af auðmýkt og mannkærleika en breytum ekki eins og þeir sem eru hrokafullir og mikillátir.



Jóna Rína Kvaran
www.jonaruna.com

Hinar mörgu hliðar síldarinnar



Síldin í myndlistinni, bókmenntunum, á síldarplönunum og fjölduinn allur af girnilegum síldarréttum. Bók sem bragð er af - eða þannig sko!

Bókaútgáfan Hólar • holabok.is / holar@holabok.is

REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



SÍÐUMÚLA 37 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 782 3330
reykjavikurbonstodin@gmail.com

SKÚBB ÍSTERTUR

FYRIR ÖLL TÍLEFNI

SALTKARAMELLA



SÚKKULADI



KÓKOS OG ÁSTARALDIN



VANILLA



SKÚBB ÍSTERTUR FÁST Í SKÚBB ÍSGERÐ, LAUGARÁSVEGI 1, OG Á WWW.SKUBB.IS



SKÚBB ÍSGERÐ | LAUGARÁSVEGI 1 | SKUBB.IS | 767-0123



Jól og áramót í Háteigskirkju 2024

Aðfangadagur:

Aftansöngur kl. 18

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir. Kordía, kór Háteigskirkju syngur undir stjórn Erlu Rutar Káradóttur, organista. Jólatónlist leikin á strengjahljóðfæri frá kl. 17:30.

Jóladagur:

Hátíðarguðspjónusta kl. 14:00

Sr. Jón Ásgeir Sigurvinsson. Kordía, kór Háteigskirkju syngur undir stjórn Erlu Rutar Káradóttur, organista. Una Dóra Þorbjörnsdóttir syngur einsöng.

Annar í jólum:

Fjölskylduguðspjónusta kl. 14:00

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir. Drengjakór Reykjavíkur syngur undir stjórn Þorsteins Freys Sigurðssonar ásamt meðlimum úr undirbúningsdeild DKR undir stjórn Önnu Hugadóttur. Meðleikari Laufey Sigrún Haraldsdóttir. Organisti er Erla Rut Káradóttir.

Sunnudagur 29. desember

Helgihald fellur niður.

Gamlársdagur:


Aftansöngur kl. 18:00

Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson. Kordía, kór Háteigskirkju syngur undir stjórn Erlu Rutar Káradóttur, organista. Peter Tompkins leikur á óbó.

Nýársdagur:

Hátíðarguðspjónusta kl. 14:00

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir. Kordía, kór Háteigskirkju syngur undir stjórn Erlu Rutar Káradóttur, organista. Ellert Blær Guðjónsson syngur einsöng.



Ólafur Haukur Simonarson áritar leikritasafnið

Gluggað í bækur

Nú koma jólabækurnar í röðum og það er erfitt að ná utan um alla þá útgáfu alla og bókelskir þurfa að velja um endalaus tilboð um upplestur og rauðvinsglas þessa dagana. Tilgangurinn er þó vitanlega að selja bækur sem er ekki versta iðja í heimi. Tíðindamaður blaðsins brá sér í tvö útgáfuhóf hjá útgáfunni Skruddu.

Það fyrra var í bókabúð í Forlagsins við Fiskislóð þar sem kynnt var bók Óttars Guðmundssonar um Sigurð Breiðfjörð. Kallaður var hann kvennamaður þar sem Óttar las úr bókinni an Jóhanna Þórhallsdóttir kvað rímur. Hin bókinn sem var kynnt var Gengið til friðar, saga andófs gegn herstöðvum á Íslandi. Höfundar eru fjólmargir en Árni Hjartarson

ritstýrði verkinu og las úr því en síðan sungu allir baráttusönginn Ísland úr Nató undir stjórn Jóhönnu Þórhallsdóttur.

Útgáfu Leikritasafns Ólafs Hauks Simonarsonar var fagnað í Kristalsal Þjóðleikhússins. Þetta mikla leikritasafn samanstendur af átján verkum sem hafa verið sýnd á ýmsum leiksviðum bæði hér heima og erlendis en koma nú út í einni bók sem gefin er út í takmörkuðu upplagi. Skemmtiatriði í útgáfuhófinu voru ekki af lakara taginu, en Jón Ólafsson og Hildur Vala Einarsdóttir sungu lög úr leikritum Ólafs og Unnur Ósp Stefánsdóttir og Pálmi Gestsson leiklásu úr verkum hans.



Jón Ólafsson og Hildur Vala Einarsdóttir fluttu lög úr leikritum Ólafs Hauks Simonarsonar
Mynd Hafsteinn Snær Þorsteinsson



„Ísland úr Nató og herinn á burt“

HEYRNARTÆKJA NÁMSKEIÐ

Mánudaginn 17. desember bjóðum við upp á létt og fræðandi námskeið um heyrnartæki. Við förum yfir hvernig best er að hreinsa þau, kynnum mismunandi gerðir heyrnartækja og útskýrum heyrnarrit og talgreiningu á einfaldan hátt. Að sjálfsgöfdu gefst líka tækifæri til að spyrja spurninga og fá svör!

ALLIR VELKOMNIR!

Spjall, kaffi og kleinur



HEYRN

HEYRNARJÓNSSTA 010.2007



17
DES
16:00

◀ HVERFISBLAÐIÐ ▶

Miðborg & Hlíðar

Auglýsingasími
568 8862



Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com



Gleðileg jól



Vegagerðin

GONGUGREINING.is
Lágmúla 4 • Sími 481 1000 • www.göngugreining.is

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bilaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOD

Smurstöðin KLÖPP
Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

EIGNAumsjón

Amma mús - handavinnuhúsið
Fákafen 9 108 Rvk S.585-8537 ammamus.is
Opíð mán.-fös: 10:00-18:30 Sat: 10:00-18:00 Sun: 11:00-17:00

Hársnyrtistofa DÓRA
Hárgreiðslu- og rakarastofa
Langholtið 128 • Sími 568 5775

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Tímamantanir fyrir herra- og dömuklippingar eru óþarfar!

greiðan HÁRSNYRTISTOFA
Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090

Fóttaðgerðastofan
Hæðargarði 31 Furugerði 1 • sími 588 2232

BÍLARÉTTINGAR SÆVAR
Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is


HEYRN
Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogur • Sími 5349600 • heyrn.is




Bilakompaní
Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115

KFC

GRETTIR VATNSKASSAR
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090

Lóa

	krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	málm	átti	röð	vestur	3	ilát	2 eins	egnt	3 eins	
	→										
	útbýggingu					áreittu fuglinn					tötrana
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	↓	feiti			botnfall batnar			tíu			
hjóðfæri		5		lína				4	spanderi	lengd	
líkamshluti		glundur	bæn káma					und			
spræna				vatnsfallið 49			spil	áköf			
karldýrin						kyrrðina		7			
		númer ýtir				spendýrið talfærið		konunafn		3 eins	
grátur			aur	spendýr karldýr							
stranda-glópur			hrekur ánægju			spilið			mjöl		strand-staður
gorta						eftir	pirraða				
mannsnafn						hækkun		storka		rista	
	telgir	rúmrusk	morkin mannsnafn	1				ógna			
nöldra				fíklar	2 eins ym			husla		klukka spilin	
rambaldur			hásæfi				litast gjamm				
2 eins			fugl sverta				sef ófullgerð			ummerki	
ópétt			2			stóra			frá flutti		
				forað			plötu-spilarar				
vankar		6				ákærir					



- Lausnarorð: S Í M A M Æ R
- Gjafakort frá Íslandsapóteki Laugaveg 53b Elsa E Drageiðe
 - Gjafakort frá Dimmalímm Laugavegi 53b Elín Magnúsdóttir
 - Stafróf knattsynnunar frá Hólum Jóhanna Eiríksdóttir
 - Sögurfyrir 4 ára frá Óðinsauga Sigríður M Kristjánsdóttir
 - Emma og rennireiðin frá Óðinsauga Hildur Jónsdóttir
 - Klökkna Klakatár frá Uglu Sigrún Kristjánsdóttir
 - Undirheimar frá Tindi Björg Gísladóttir
 - Abba frá Uglu Ásborg Arnþórsdóttir
 - Til Taks frá Hólum Ari Gunnarsson
 - Sveindís Jane Kolbrún Karlsdóttir
 - Ískúlar frá Skúbb Laugarásvegi 1 Guðrún Erlendsd.
 - Happaprenna HHÍ Sigríður Björnsdóttir

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

- verðlaun Tónar útlaganna, bók, útgefandi HÍB
- verðlaun Útkall í ofsa brimi, bók, útgefandi Útkall
- verðlaun Svartir kettir fullt tungl og rauðhærðar konur, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Ókei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Hvers vegna karlmenn geta aðeins gert eitt í einu og komu þagna aldrei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Leiðin í Hundana, bók, útgefandi Ugly
- verðlaun Paddington, bók, útgefandi Ugly
- verðlaun Múmínsnáðinn, bók, útgefandi Ugly
- verðlaun Dýrabær Animal farm, bók, útgefandi Óðinsauga
- verðlaun Nammitröll, bók, útgefandi Óðinsauga
- verðlaun Bíomiðar í Laugarásbío
- verðlaun Ískúlar frá Skúbb
- verðlaun Happaprenna frá HHÍ

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík



Happaprennan



Dregið verður úr réttum lausnum 12. janúar

Nafn:

Heimili:

Kennitala:

Símanúmer:

TÓNAR ÚTLAGANNA


Höfundur: Árni Heimir Ingólfsson

Einstakt verk um einstaka listamenn, sem lögðu öðrum fremur grunninn að því tónlistarlífi sem við njótum í dag á Íslandi. Ástríða höfundar fyrir viðfangsefninu er áþreifanleg, sem mikil og metnaðarfull heimildavinna ber vitni um. Verk sem á stöðugt erindi við okkur sem menningarþjóð og um leið áminning um mikilvægi og ávinning þess að taka vel á móti fólki sem þarf á aðstoð að halda.

Dómnefnd Íslensku bókmenntaverðlaunanna

Hið íslenska bókmenntafélag

Hagatorgi hib@hib.is s: 588 90 60



Nýr samningur við Borgarleikhúsið

Gengið hefur verið frá samningi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Nær samningurinn til reksturs Borgarleikhússins til næstu þriggja ára. Einar Þorsteinsson borgarstjóri og Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur, undirrituðu samninginn ásamt Brynhildi Guðjónsdóttur, leikhússtjóra Borgarleikhússins. Samningurinn gildir frá fyrsta janúar 2025 til og með 31. desember 2027. Einar Þorsteinsson borgarstjóri sagði við það tækifæri að Borgarleikhúsið léki lykilllutverk í menningarlífi borgarbúa og landsmanna allra. „Við erum stolt og þakklát fyrir samstarfið við Leikfélag Reykjavíkur sem hefur starfað óslitið í borginni frá árinu 1897,“ sagði borgarstjóri við það tækifæri.



Steinþór Einarsson, starfandi sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur, Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur, Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins og Einar Þorsteinsson borgarstjóri.

Markmið samningsins er að í Reykjavík sé rekið fjölbreytt og metnaðarfullt leikhús þar sem sköpuð er og sýnd leiklist í hæsta gæðaflokki. Þar er jafnframt tekið fram að Borgarleikhúsið sé lífandi vettvangur nýsköpunar og kynningar á íslenskrí leiklist þar sem erlendri klassík og samtímaleiklist sé einnig gerð góð skil, að samfella og framþróun sé tryggð í öflugum leiklistarstarfi, að listuppeldi barna og ungmenna sé sinnt sérstaklega og að starfsemi Borgarleikhússins höfði til borgarbúa og geri þeim kleift að njóta fjölbreyttra sviðslista.

Máttur leikhússins mikill

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri segir að framlag Reykjavíkurborgar tryggir rekstrargrundvöll Borgarleikhússins sem hefur á síðustu árum sannað að það er fyrsta flokks sviðslistastofnun sem laðar til sín fjölda áhorfenda á viðum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn. „Máttur leikhússins er mikill og þegar best lætur nær það augum

og eyrum fjölda fólks, vekur hughrif og veitir ánægju. Það er okkur dýrmætt að Reykjavíkurborg skuli líta á leikhúsið sitt sem öflugan og mikilvægan þátt í menningarlífi borgarbúa. Við erum ævinlega þakklát fyrir stuðningin og hlökkum til að gera enn betur í framtíðinni. Takk, Reykjavík,“ sagði Brynhildur.



Jóladagskrá Árbæjarsafns

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember en þá daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga.

Íhesthúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg. Jólalald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í Krambúðinni er kramarhús, konfekt og ýmiskonar jólavarningur til sölu.

Helstu viðburðir:

14:00 Guðspjónusta í safnkirkjunni
15:00 Sungið og dansað í kringum jólatréð á torgi safnsins
14:00-16:00 Jólasveinar skemmta gestum á víð og dreif um safnsvæðið og taka þátt í söng og dansi.

Frítt inn fyrir börn, öryrkja og menningarkortshafa. Aðrir greiða 2.350 kr.

Vinsamlegast athugið að dagskráin endar kl. 16 en safnið er opið til kl. 17.

Nokkrir góðir fimm aurar

FIMM AURAR


Út var að koma bráðsmellin bók, FIMM AURAR, sem vafalítið léttir lundina og verður nú gripið niður í bókina:

Ég fór í berjamó um daginn og ætlaði að tína aðalbláber, en þau voru hvergi sjáanleg svo að ég tindi bara varabláber í staðinn.

Hvers konar mjöl er notað í djöflatertu? - Fjandakorn.

Hvert fer Sherlock Holmes í berjamó? Á Holmes-heiði. Í BYKO:

„Ég ætla að fá hjá þér þingmannanagla.“
„Þingmannanagla! Ég hef aldrei heyrt um þá. Hvernig líta þeir út?“
„Æ, það eru þessir hauslausu.“



*Gledilega hátíð
og heillaríkt nýtt ár!*

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða

Vesturmiðstöð

ÞYRLAN EINA VONIN



Bardinn á strandstað

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Hólum bókinn Til taks – Þylusaga Landhelgisgæslu Íslands fyrstu 40 árin. Í bókinni er, eins og nafn hennar gefur til kynna, rakin saga þylusveitar Landhelgisgæslu Íslands fyrstu fjóra áratugina. Sagt er frá baráttunni fyrir því að fá björgunarþyrlu til landsins, en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina og æði misjafnar, viðamestu verkefnum þyrlanna og sviplegum atburðum í rekstri þeirra. Tveir af höfundum bókarinnar, þeir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson, eru reyndustu þyrluflugmenn okkar og

hafa þeir, ásamt fleirum auðvitað, komið mörgum til bjargar. Þriðji í hópi höfunda er Júlíus Ó. Einarsson, þjóðfræðingur og fyrrum lögreglu- maður.

Fjölmargar myndir prýða bókina, sem ætti að höfða til allra landsmanna, enda koma þylur Landhelgisgæslunnar nánast við sögu á hverjum degi og þar leggja menn sig í líma við að bjarga lífi þeirra sem staddir eru í hættu.

Hér á eftir fer lítilsháttar efni úr

bókinni og er gripið niður í frásögn Sigurðar Snæfells Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Björgunarsveitarinnar Bjargar á Hellissandi:

Snemma morguns þann 14. mars 1987 fengum við fregnir um að fiskibáturinn Barðinn GK-475 væri vélarvana í nauðum við Hólahóla á Snæfellsnesi. Björgunarsveitir voru ræstar út frá Hellingnum, Arnarstapa, Ólafsvík og Hellissandi, og héldum við út á nesið. Áhafnir nærstaddra báta brugðust við og dældu út olíu til að róa brotin en svo fór að Barðinn

kom inn í öldurótið og barst inn að klettunum þar sem hann skorðaðist fastur.


Brim var mikið er við komum á strandstað en fyrir sjónum okkar blasti við toppurinn af mastrinu. Í byrjun var reynt að hafa samband við áhöfnina en án árangurs. Leitað var strax við klettana að skipverjum og þurftum við að passa okkur að fá ekki brak úr bátum yfir okkur en sjógangurinn var svo mikill að það kastaðist hátt upp í loftið og féll allt í kringum okkur. Fluglínutækið var komið upp og gert klárt til að freista þess að bjarga áhöfninni.

Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar kom svo á vettvang og var það eina vonin á þessari stundu um að bjarga mætti áhöfninni. Þyrlan byrjaði að hífa áhöfnina frá borði. Hún þurfti að lenda og losa sig við fyrstu mennina áður en hinir voru sóttir sem eftir voru um borð. Þar tók björgunarsveitin á móti mönnum og hlúði að þeim. Aðstæður voru slæmar á strandstað meðan á björguninni stóð og þurfti að vera vel á verði því brotsjórinn gekk yfir klettana og bátinn.

Í kringum hádegi fjarði og sjógangurinn varð minni, og var þá fært að fara um borð í Barðann. Við fórum tveir um borð, báturinn hallaðist á stjórnbörða og fór ég aftur í stýrihúsið eftir bakborðssiðu hans, og varð ég að hafa mig allan við svo ég missti ekki jafnvægið. Á dekkinu voru netadræsir og brak sem ekki hefði verið gæfulegt að lenda í. Ástandið inni í stýrihúsinu var skelfilegt, þar sem brotsjórinn hafði hrífsað stóran hluta af tækjum og

búnaði með sér og var það hreinlega horfið. Það var ströng áminning um að ekki má vanmeta kraftinn í Ægi, konungi sjávar. Inni í kortaklefanum mátti greinilega sjá ummerki eftir sjóinn. Eftir smá yfirferð fann ég bara eitt armbandsúr sem hékk uppi á vegg og var það hið eina sem hægt var að bjarga af persónulegum eignum áhafnarinnar. Það var ánægjulegt að geta skilað því í réttar hendur. Er ekki neinn vafi á því að kortaklefinn bjargaði áhöfninni, því ekki hefði verið möguleiki að hafast við í stýrihúsinu. Ekki var gerð tilraun til að fara um vistarverur undir dekki þar sem sjór var um allt.

Tel ég það mikla gæfu að Barðinn skorðaðist þannig að hann fór aldrei yfir á bakborða, þrátt fyrir gríðarlegan sjógang sem dundi á honum linnulaust á meðan þyrluáhöfnin sinnti hinna frækilegu björgun. Eftir tíu daga var farið í eftirlit á strandstað. Þá var nánast ekkert eftir af bátnum.





Útkall í ofsabrimi

Höfundur: Óttar Sveinsson

Allar Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa vermtestu sæti metsölu-listanna í 30 ár. Hér er greint frá baráttu sjö manna upp á líf og dauða þegar Goðinn sekkur í ofsabrimi í Vöðlavík (1994). Mennirnir voru að gefast upp þegar þyrla birtist í ofsaveðrinu. Eftir það gerast óvæntir hlutir sem enda með einni tryllingslegustu flugferð Íslandssögunnar.

Útkall ehf.



Ein þekktasta bók veraldar, Animal Farm, hefur nú verið endursögð.

74 blaðsíðna myndabók sem fangar ádeiluna vel.

Þetta rit á mikið erindi inn í umræðu í dag þar sem illa er farið með vald og valdaklíkur skammta sér ríflega.

Óskum öllum íbúum miðbæjarins
gledilegra jóla og farsæls árs

Íbúasamtök Miðborgar

Pantaðu jólamatinn í tíma


og minnkaðu stressið í desember

Pantanir á kjotbudin.is

- Nautalund Wellington • Nautalund Wellington með Serrano-skinku og trufflu-marineringu
- Fyllt lambalæri og hryggur að uppskrift Læknisins í Eldhúsinu • Ferskur íslenskur heill kalkúnn
- Íslenskar ungnautalundir • Smjörhangið nauta Rib-eye • Íslenskir hreindýravöðvar
- Fylltar kalkúnabringur • Kalkúnaskip smjörfyllt og salvíu-kryddað
- Hreindýra-, gæsa- og jólapaté.



Skannaðu
kóðann og
pantaðu



KJÖTBÚÐIN


www.kjotbudin.is

Sími 571 5511 | Grensásvegur 48, 108 Reykjavík | Sunnukriki 2, 270 Mosfellsbær

Jólagleði í Austurbæjarskóla

Það var ýmislegt í gangi og mikið fjör um síðustu helgi og var jólagleðin vel sótt að vanda. Anna Huga og Jón Svavar tóku nokkur jóla-lög á tröppunum við innganginn og grillaðir voru sykurpúðar á efri lóðinni og einnig hefðbundin jólaföndur og piparkökuskreytingar.

Eins og á slíkum samkomum voru ýmsar fjáraflanir voru í gangi fyrir skólaferðalög. 7. bekkur var með laufbrauðsgerð til að safna fyrir ferð á Reyki. 9. bekkur var með jólamarkað með ýmsan varning til að safna fyrir skíðaferð og 10. bekkur var með kaffihús og veitingar til að safna fyrir útskriftarferðinni sinni.



Hólavallagarður er með merkustu kirkjugörðum landsins og í honum endurspeglast hluti af sögu og þróun Reykjavíkur. Mynd/Róbert Reynisson

Hólavallagarður friðlýstur

Reykjavíkurborg samþykkir fyrir sitt leyti að Hólavallagarður verði friðlýstur á grundvelli menningarminjalaga en tillaga þess efnis kom frá Minjastofnun Íslands. Friðlýsingin nær til Hólavallagarðs í heild, heildarskipulags hans, veggjar umhverfis garðinn, klukknaports, minningarmarka og ásýndar hans. Tillagan var samþykkt í borgarráði fyrir helgi.

Nýtur hverfisverndar samkvæmt deiliskipulagi

Í umsögn Reykjavíkurborgar sem lögð

var fyrir borgarráð er tekið er undir sjónarmið um mikilvægi garðsins sem menningarsögulegra minja enda nýtur hann hverfisverndar samkvæmt gildandi deiliskipulagi, sem er frá árinu 2003. Þar segir einnig að eðlilegt væri í friðlýsingartexta að vísa til deiliskipulagsins og jafnvel taka upp ýmis ákvæði úr deiliskipulagi eins og við á.

Bent er á að borgin hafi fjármagnað lagfæringar kirkjugarðsveggisins og tryggt að umhverfi garðsins sé til sóma.

Komið á skauta!

SKAUTA
HÖLLIN
LAUGARDAL

Jólatréð er komið á svellið!
The Christmas tree is on the ice!

21. des. kl. 13:00 -18:00
22. des. kl. 13:00-18:00
23. des. kl. 12:00-16:00

24. des. Lokað/Closed.
25. des. Lokað/Closed.

26. des. kl. 13:00-18:00
27. des. kl. 13:00-18:00
28. des. kl. 13:00-18:00


29. des. kl. 13:00 -18:00
30. des. kl. 13:00-18:00
31. des. kl. 11:00-15:00

1. jan. Lokað / Closed.

2. jan. kl. 13:00-18:00
3. jan. kl. 13:00-18:00
4. jan. kl. 13:00-17:00
5. jan. kl. 13:00-17:00

“Ekki er nauðsynlegt að bóka tíma fyrirfram”

SKAUTAHOLL.IS



**Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár**

2024

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.

Dimmalimm

LAUGAVEGUR 53B

Full búð
af nýjum vörum

dimmalimmreykjavik.is